



Reyðarfirði 14. apríl 2014

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið**  
**Margrét Harðardóttir**

Sölvhólsgötu 4  
105 Reykjavík

**Efni: Umbótaáætlun vegna úttektar á Grunnskóla Reyðarfjarðar**

Í bréfi ráðuneytisins frá 18. febrúar s.l. var óskað eftir tímasettri umbótaáætlun vegna þeirra tillagna og ábendinga sem fram koma í skýrslunni.

Um leið og við þökkum ráðuneyti og úttektaraðilum gagnlegar ábendingar og uppbyggjandi ummæli sendum við ráðuneytinu yfirlit yfir hvernig við hyggjumst nýta okkur umræddar ábendingar. Gerum við það í töflu sem sýnir tímasetta umbótaáætlun og einnig eru nánari útskýringar á nokkrum þáttum sem tengjast liðunum Stjórnun og Nám og kennsla neðan við töfluna.

Starfsmenn og stjórnendur hafa haft skýrsluna til yfirlestrar í rúman mánuð og eru afar ánægðir með niðurstöður úttektarinnar. Þar kemur m.a. fram að „Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Stefna skólans er skýr og skólastarf einkennist af jákvæðum samskiptum.“ (bls. 5) Jákvæð samskipti og virðingu teljum við vera mikilvægan þátt í skólastarfi og í kaflanum um Nám og kennslu segir einnig að „Skólabragur er almennt jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum nemendum“. (bls. 25)

Ánægjulegt er hversu vel smiðjukerfið okkar kom út og þar segir m.a. að „Mikil ánægja ríkir með smiðjukerfið í skólanum, bæði á yngra stigi og í valgreinum á unglingsstigi, þetta kemur fram í öllum hópum sem rætt var við, „dámsemdarkerfi“ og „gott að blanda árgöngum. Nemendur fá samfellu í náminu og með því næst betri árangur og hægt að vera með tímafreakari verkefni því „stundaskráin er minna hamlandi“, segir einn viðmælenda.“ (bls. 31)

Við erum ánægð með þessa niðurstöðu og munum nýta okkur hana við að þróa áfram starf skólans. Hér fyrir neðan má sjá töflu þar sem farið er yfir umbótaáætlun skólans. Eins og sjá má í töflunni er áætlað að flest allar úrbætur hafi átt sér stað í lok skólaárs 2014 - 2015.

Matspáttur	Tillögur að aðgerðum til úrbóta samanber skýrslu	Áætlanir um úrbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Árangur: hvernig og hvenær mælt	Bjargir
1. Stjórnun	Vinna þarf með einkunnarorð skólans svo þau séu öllum ljós og meðvituð	Unnið með á hverju hausti í öllum bekkjum. Sett á bréfsefni.	Stjórnendur og umsjónarkennarar.	Vorið 2014	Lifandi verkefni		
	Veita kennurum meira af beinni endurgjöf varðandi nám og kennslu	Viðvera kennsluráðgjafa. Heimsóknir skólastjórna.	Stjórnendur	Vorið 2014	Lifandi verkefni	Árlegar starfsmannakannanir og viðtöl	Skólapúlsinn
	Að endurskoða starfslýsingar séu til fyrir alla starfsmenn	Unnar verða sameiginlegar starfslýsingar fyrir starfsmenn Skólasels og skólaritara	Fræðslustjóri	Vor 2014	Haust 2014		
	Skráning endur- og framhaldsmenntunar starfsmanna sé með skýrum hætti	Allir starfsmenn skrá í Menntaskrá allt nám, námskeið, leshringi, fræðslufundi, o.þ.h.	Skólastjórar	Janúar 2014	Lifandi skjal	Við hver annarlok	Exelskjal - Menntaskrá
	Endurskoða starfsáætlun svo hún uppfylli öll viðmið aðalnámskrár	Endurgerð starfsáætlun með tilliti til viðmiða aðalnámskrár	Skólastjórar	Mars 2013	Apríl 2014		Aðalnámskrá grunnskóla
	Uppfylla viðmið um árlegan starfstíma nemenda	Tvöfaldir dagar eru settir á skóladagatal með samþykki allra sem að skóladagatali koma	Nánar útskýrt neðar				
	Hafa fundargerðir aðgengilegar fyrir alla starfsmenn, t.d. á innra neti	Fundargerðir starfsmannafunda veturinn 2013-2014 eru aðgengilegar á innra neti skólans.	Aðstoðarskóla stjóri	Okt. 2013	Lifandi verkefni		
	Auka þátttöku starfsfólks og skólaráðs í gerð starfsáætlunar og skólanámskrár	Starfsfólk vinnur þetta á starfsdegi í ágúst og fyrsti skólaráðsfundur í byrjun september fer í þessa vinnu hjá skólaráði	Skólastjórar	Ágúst 2014	Sept.ber 2014	Bæði skjöl kynnt starfsfóki, skólaráði, foreldraráði og fræðslun.	Aðalnámskrá grunnskóla
	Auka samþættingu námsgreina	Auka fjölbreytni í kennsluháttum. Kjarnasmiðjur í 7. – 10. bekk	Skólastjórar Kennarar	Ágúst 2014	Mai 2015 Lifandi verkefni	Nemenda könnun Starfsmannakönnun	Skólapúlsinn Ýmsar handbækur
	Vinna heildstæða forvararáætlun	Samræma áætlanir skólans undir eina áætlun og setja á heimasíðu skólans.	Skólastjórnendur, árgangastj., tölvuumsj.m.	Okt 2013	Sept. 2014		
	Hafa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir aðgengilega öllum í skólasamfélaginu	Yfirfara áætlun skólans og setja á heimasíðu	Deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi	Vor 2014	Sept 2014		

	Hafa fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á heimasíðu skólans	Koma skráðum fundagerðum á heimasíðu skólans.	Aðstoðarskóla stjóri Ritari	Apríl 2014	Lifandi verkefni		
	Styrkja starfsemi foreldrafélagsins	Á aðalfundi verði útbúin aðgerðar-áætlun þar sem fram koma fundir og viðburðir, tímasett	Skjólástjóri	Mai 2014	Mai 2014	Á aðalfundi í mai 2015 verður aðgerðar-áætlun endurskoðuð og bætt	
	Setja kennsluáætlanir og skólanámskrá á heimasíðu strax að hausti	Í upphafi hverrar annar setja kennarar nýjar kennsluáætlanir inn á heimasíðuna. Skólanámskrá fer á heimasíðuna að hausti.	Kennarar og umsjónarm. tölvumála.	Nóvemb 2013	Febrúar 2014		
2.Nám og kennsla	Birta námsvísa/kennsluáætlanir námsgreina á heimasíðu	Í upphafi hverrar annar setja kennarar nýjar kennsluáætlanir inn á heimasíðuna. Námsvísir fer á heimasíðuna að hausti.	Kennarar og umsjónarm. tölvumála.	Nóvemb 2013	Mars 2014		
	Kynna markmið náms í námsgreinum markvissar fyrir nemendum	Kennarar fara yfir kennslu- og námsáætlanir með nemendum í upphafi hverrar annar.	Kennarar	Haut 2014	Vor 2015	Nemenda könnun Foreldra-könnun	Skólapúlsinn
	Leita leiða til að bæta árangur nemenda á samræmdum prófum	Niðurstöður síðust þriggja ára greindar. Umbótaáætlun unnin út frá niðurstöðum	Kennarar Skólastjórar	Janúar 2014	Lifandi verkefni	Rýnt í niðurstöður og sett í umbóta-áætlun	Niðurstöður samræmdra prófa
	Efla samstarf milli grunn- og framhaldsskóla	Byggja upp samstarf við ME með líkum hætti og gert hefur verið gagnvart VA.	Sameiginleg ábyrgð skólastjórnenda grunn- og framhaldsskólans.	Vor 2014	Vor 2015		Samskipta-áætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar og VA
	Efla leiðbeinandi kennsluhætti í bóklegum greinum	Kynna fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir kennurum	Námskrárhópur Skólastjórar	Mars 2014	Mai 2015	Könnun lögð fyrir nemendur foreldra og kennara	Skólapúlsinn og aðrar kannanir
	Þjálfna nemendur í markvissri samvinnu í námi	Styrkja samvinnunám í öllum árgöngum.	Kennarar	Janúar 2014	Ágúst 2014		Litróf kennslu-aðferðanna
	Auka fjölbreytni í kennsluháttum og námsleiðum	Kennarar fá fræðslu um kennsluáðferðir og tækifærði til að nýta sér það í kennslu..	Stjórnendur	Mars 2014	Vkor 2015		Litróf kennslu-aðferðanna Námskeið

	Umsjónarkennari eigi samtal við hvern nemanda um nám og liðan.	Kennarar eigi samtal við sína umsjónarnemendur að lágmarki einu sinni í mánuði.	Kennarar	Sept. 2014	Mái 2015		Eyðublað til að fylgja í viðtölum.
	Auka val nemenda í bóklegu námi og taka í auknum mæli mið af áhugasviði þeirra	Hafa kjarnatíma á tölfu þar sem nemendur geta valið bóklegar greinar til að vinna með.	Stjórnendur Kennarar	Ágúst 2014	Júní 2015		
	Efla starfsemi nemendafélagsins og þjálfa nemendaráð í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri	Fastsetja fundartíma nemendaráðs. Gera starfsáætlun í samvinnu við nemendaráð.	Umsjónar- maður nem- endaráðs ásamt skóla- stjóra	Ágúst 2014	Júní 2015	Könnun meðal nemenda um starf- semi nemenda- ráðs	Námskeið í framsögn og sjálfstyrkingu.
	Nemendur kjósi fulltrúa sína í skólaráð með beinum hætti	Þeir sem vilja bjóða sig fram til starfa í skólaráði eru settir í pott og nöfn dregin úr.	Stjórnendur				
	Gera upplýsingar um starfsemi nemenda- félagsins og ákvarðanir aðgengilegar öllum nemendum	Búa til sérstakt svæði á heimasíðu skólans merkt nemenda- félaginu og þangað fara t.d. fundagerðir.	Umsjónar- maður nem- endafélags.	Haust 2015	Vor 2015		
	Setja skýrar fram markmið einstakra kennslustunda og verkefna	Kennari kynni markmið kennslu- stundar eða verkefnis í byrjun hvers tíma t.d. með því að skrifa það á töfluna.	Kennarar	Ágúst 2014	Júní 2015	Nemenda- könnun Vetvangs- athugun skóla- stjórnenda	Skólapúlsinn
	Skýra hvernig komið er til móts við bráðgera nemendur með ögrandi verkefnum	Búa til áætlun um hvernig koma á til móts við bráðgera nemendur.	Umsjónar- kennarar, sér- kennarar, námsráðgjafi	Ágúst 2014	Október 2014	Nemenda- könnun Foreldra- könnun	Skólapúlsinn
	Efla enn frekar sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins fyrir nemendur	Meta þörf á sérfræðiþjónustu fyrir nemendur og senda til fræðslustjóra og skólaskrifstofu.	Skólastjórn- endur og sér- kennarar.	Vor 2014	Ágúst 2014		
3. Innra mat	Skilgreina viðmið um árangur í mati	Setja viðmið um árangur í matsáætlun skólans.	Aðstoðar- skólastjóri, sjálfsmats- hópur	Haust 2014	Lifandi verkefni		
	Efla fjölbreytni aðferða við innra mat	Leita leiða til að hafa innra mat sem fjölbreyttast og setja inn í sjálfsmatsáætlun skólans.	Aðstoðar- skólastjóri, sjálfsmats- hópur	Haust 2014	Lifandi verkefni		
	Virkja alla hagsmuna- aðila í að ákveða áherslur og forgangs- röðun í innra mati	Leggja drög að sjálfsmatsáætlun fyrir hagsmunaaðila s.s. foreldrafélag og skólaráð.	Sjálfsmats- hópur Skólastjórn- endur	Haust 2014	Lifandi verkefni		
	Fjölga þáttum úr skólanámskrá sem metnir eru reglulega	Setja inn í sjálfsmats- áætlun fleiri matsþætti úr skólanámskrá sem	Sjálfsmats- hópur	Október 2013	Lifandi verkefni		

		metnir eru reglulega, t.d. kennsla og kennsluhættir.					
	Setja langtímaáætlun og greinargerð á heimasíðu	Langtímaáætlun og greinargerð um sjálfsmat sett á heimasíðuna	Aðstoðar-skólastjóri	Mai 2014	Lifandi verkefni		
	Vinna þarf umbótaáætlun sem er tímasett, með viðmiðum og tilgreindum ábyrgðaraðilum	Í kjölfar hvers sjálfsmatsþáttar er unnin tímasett umbótaáætlun sé þörf á.	Sjálfsmats-hópur	Mars 2014	Lifandi verkefni		
4. Smiðjur	Birta þarf náms-/kennsluáætlanir fyrir smiðjur og valgreinar með opinberum hætti	Kennsluáætlanir settar inn á heimasíðuna í byrjun hverrar annar.	Skólastjórar, kennarar	Haut 2013	Apríl 2014		

## Nánari útskýringar:

### 1. Stjórnun

#### Uppfylla viðmið um árlegan starfstíma nemenda.

Þarna erum við ekki sammála skýrsluhöfundum þegar bent er á að skóladagatal uppfylli ekki fyllilega viðmið mennta- og menningarmálaráðuneytis um árlegan starfstíma vegna daga sem eru taldir tvöfaldir. Í álit ráðuneytisins frá 16. ágúst 2012 um „Skilgreiningu á skóladögum í grunnskólum“ segir m.a. „Ráðuneytið bendir hins vegar á þann sveigjanleika sem skilgreindur er í greinargerð með grunnskólafrumvarpinu og getið er um hér að framan. Ef allir aðilar skólasamfélagsins eru sammála því að ljúka árlegu lögbundnu skólahaldi á færri dögum og dreifa verkefnum á aðra daga skólaársins, þá gerir ráðuneytið ekki athugasemd fyrir sitt leyti við það fyrirkomulag, enda sé það aldrei ákveðið nema til eins árs í senn.“

Tvöfaldir dagar eru settir á skóladagatal Grunnskóla Reyðarfjarðar með samþykki allra sem fá skóladagatalið til samþykktar og því er það með samþykki skólasamfélagsins. Þess er gætt í hvívetna að kennsludagar séu a.m.k. 170 og aðrir skóladagar séu ekki fleiri en 10 og árlegur starfstími 180 dagar.

### 2. Nám og kennsla

#### Efla samstarf milli grunn- og framhaldsskóla.

Til er góð verkáætlun um samstarf Grunnskóla Reyðarfjarðar og Verkmenntaskóla Austurlands og felur hún eftirfarandi í sér:

- Nemendum er boðið að koma í heimsókn í einn dag þar sem þeir fá kynningu á starfsemi skólans, þ.e. námsbrautum og félagslífi. Þeir velja sér tíma (bóklega eða verklega) til að heimsækja og öllum nemendum er boðið á leiksýningu sem leikfélag VA stendur fyrir í lok dags.
- Nemendur og kennarar VA koma í heimsókn í Grunnskóla Reyðarfjarðar þar sem nemendur í leiklistarakademíu, íþróttakademíu og uppeldisfræði koma og heimsækja bekkir þar sem þeir leggja fyrir verkefni og vinna með kennurum og nemendum grunnskólans.
- Á vordögum (apríl eða maí) er skipulagður sameiginlegur starfsdagur kennara unglíngastiga grunnskólanna í Fjarðabyggð og kennara VA.
- Skilafundur vegna nemenda skólans með sérkennara og námsráðgjafa VA. Á þann fund fara fyrir hönd Grunnskóla Reyðarfjarðar umsjónarkennari 10. bekkjar, deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi og skólastjóri.

Nemendur kjósi fulltrúa sína í skólaráð með beinum hætti.

Vinnureglan sem við í Grunnskóla Reyðarfjarðar förum eftir þegar nemendum er boðin seta í skólaráði er að nöfn þeirra sem vilja sinna starfinu er sett í pott. Þá eru nöfn tveggja aðalmanna og eins varamanns dregin úr og haft að viðmiði að einn þessara þriggja nemanda sé úr 10. bekk og einn úr 9. bekk.

Efla enn frekar sérfræðipjónustu sveitarfélagsins fyrir nemendur.

Þarna er vísað til talmeinafræðings en sú þjónusta er að mestu á vegum ríkisins. Hlutverk sveitarfélagsins er að greina nemendur og sú þjónusta er fyrir hendi hjá Skólaskrifstofu Austurlands. Unnið er að samkomulagi um talþjálfun milli Sjúkratrygginga, Sambands íslenskra sveitarfélga og viðeigandi ráðuneytis.

Vonum við að þessi áætlun verði skólastarfinu til góða og að þau markmið sem við setjum okkur náist.

Áætlunin verður endurskoðuð í júní 2015 og þá metið hver staðan er.

Virðingarfyllst,

Ásta Ásgeirsdóttir, skólastjóri  
Guðlaug Árnadóttir, aðstoðarskólastjóri  
Hildur Magnúsdóttir, deildarstjóri sérkennslu